

Fjallabyggð
Íris Stefánsdóttir
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík, 14. febrúar 2023
UST202302-124/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 og nýtt deiliskipulag – Skarðsdalur

Vísað er til erindis skipulags- og tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 og nýju deiliskipulagi í Skarðsdal.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina 2,3 ha verslunar- og þjónustusvæði og minnkar óbyggt svæði sem því nemur. Auk þess kemur fram að á skipulagssvæðinu verður heimild fyrir 10 smáhýsum auk þjónustubygginga til útleigu.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi þá tekur stofnunin undir að mikilvægt sé að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Vatn og bakkagróður

Samkvæmt uppdrætti er ónefnt straumvatn sem skipulagsmörkin fylgja. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að straumvatnið hefur vatnshlotsnúmerið 102-1846-R (Fjarðará) undir lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.¹ Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Því er mikilvægt að framkvæmdir á byggingarreit G4 raski ekki bakkanum.

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-1846-R>

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að kröfur um hreinsun skólps verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn, eða það sem betra er hreinsivirki, sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Aðgengi

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó: „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.“ Byggingarreitur G4 liggur að árbakkanum. Þó svo að búið sé að skilgreina göngu- og reiðleið sunnan Skarðsvegar er mikilvægt það sé nægt rými fyrir meðfram straumvatninu svo að útivistargildi skerðist ekki.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur